

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 102/97
frá 15. desember 1997**

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn
um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/97 frá 11. júlí 1997⁽¹⁾.

Nokkrar gerðir bandalagsins um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. viðbæti við bókun 47 við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar nr. 1128/96 og 1915/96 og reglugerða ráðsins nr. 1426/96, 1427/96, 1428/96, 1429/96, 1592/96 og 1594/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 290, 23. 10. 1997, bls. 32 og EES-viðbætir við Stjtið. EB nr. 44, 23. 10. 1997, bls. 22.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 16. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97

1. VIÐBÆTI VIÐ BÓKUN 47 VIÐ EES-SAMNINGINN UM AFNÁM TÆKNILEGRA HINDRANA Í VIÐSKIPTUM MEÐ VÍN skal breytt eins og tilgreint er hér á eftir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87):

„- **396 R 1592:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1592/96 frá 30. júlí 1996 (Stjtið. EB nr. L 206, 16. 8. 1996, bls. 31).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 16. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 823/87):

„- **396 R 1426:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1426/96 frá 26. júní 1996 (Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 1).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 19. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4252/88):

„- **396 R 1594:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1594/96 frá 30. júlí 1996 (Stjtið. EB nr. L 206, 16. 8. 1996, bls. 35).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 22. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/89):

„- **396 R 1427:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1427/96 frá 26. júní 1996 (Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 3).“
5. Eftirfarandi undirliðir bætast við í 38. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2332/92):

„- **396 R 1428:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1428/96 frá 26. júní 1996 (Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 7),

- **396 R 1429:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1429/96 frá 26. júní 1996 (Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 9),

- **396 R 1594:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1594/96 frá 30. júlí 1996 (Stjtið. EB nr. L 206, 16. 8. 1996, bls. 35).“

6. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 42c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/95):

„- **396 R 1915**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1915/96 frá 3. október 1996 (Stjtið. EB nr. L 252, 4. 10. 1996, bls. 10).”

7. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 42c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/95):

„42d. **396 R 1128**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1128/96 frá 24. júní 1996 um nákvæmar reglur um blöndun borðvins á Spáni (Stjtið. EB nr. L 150, 25. 6. 1996, bls. 13).“